

Ed.

564. Frumvarp til laga

[256. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur annast sölumál fyrir matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Grænmetisverslun landbúnaðarins vinnur að því, að komið verði upp þar sem hentugt þykir vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helstu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

4. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Til þess að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal Grænmetisverslun landbúnaðarins leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslu, sem ekki selst til manneldis hverju sinni.

5. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til, að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1977, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma, þar til lögin taka gildi.